

Efni: Sameiginlegur frístundaakstur Breiðabliks, Gerplu, HK og Kópavogsbæjar

Frá haustinu 2018 hafa Íþróttafélögin Breiðablik, Gerpla og HK með stuðningi frá Kópavogsbæ haldið úti frístundaakstri fyrir yngstu deildir í grunnskólum Kópavogs. Fyrirkomulagið hefur þróast undanfarin ár og hefur liðið tímabil gengið hvað best ef tekið er með fyrirkomulag starfsmanna í vagninum. Skipting greiðslu til rútufyrirtækis hefur skipst í fjóra hluta. Íþróttafélögin hafa lagt út fyrir akstrinum og svo hefur verið send rúkkun til Kópavogsbæjar í lok hvorrar annar.

Þegar upphaflega var farið af stað með sameiginlegan frístundaakstur var það einkum til að öll íþróttafélögin væru ekki að keyra hvert á eftir öðru með börnin á sömu staðina og til að reyna að ná fram hagræðingu í þessum rekstri. Rekstrarumhverfið hefur hins vegar versnað til muna og hækkunir á akstrinum eru að sliga félögin. Svo mikið að þetta eru upphæðir sem skipta sköpum fyrir félögin þrjú. Meðfylgjandi er tafla sem sýnir kostnað við akstur á hverju tímabili fyrir sig frá hausti 2018. Þar ofan á bætist við kostnaður starfsmanna í bílunum sem séð hafa til þess að börnin spennir beltin, fari út á réttum stöðum og passa uppá góð samskipti barnanna á milli.

Frístundaakstur er forsenda þess að nýta megi íþróttamannvirkin eins vel og kostur er þar sem æfingar hafa geta hafist strax að loknum skóladegi og staðið fram á kvöld. Krafa foreldra um að börnin hafi lokið sínu frístundastarfi þegar vinnudegi foreldra lýkur er hávær en með akstrinum má að einhverjum hluta koma til móts við þær kröfur. Einnig er það forsenda fyrir því að hægt sé að taka á móti sem flestum börnum sem óska þess að æfa með félögunum að hægt sé að byrja æfingar sem fyrst á daginn. Það er hætt við að félögin geti ekki tekið við öllum þeim börnum sem óska eftir að æfa með þeim ef akstrinum verður hætt.

Í ljósi umfangsmikilla hækkana frá árinu 2021 er þetta farið að taka sinn toll í rekstrinum og tilkynnist það hér með að íþróttafélögin sjá sér ekki annað fært en að hætta rekstri vagnanna frá og með haustinu 2023.

Íþróttafélögin óska eftir að Kópavogsbær taki að sér rekstur frístundaraksturs í Kópavogi en eru boðin og búin að aðstoða við skipulagningu akstursins þannig að hann nýtist börnum bæjarsins sem best.

Taflan sýnir kostnað án starfsmanna

Tímabil	Kostnaður á tímabil	Kostnaður á hvern greiðanda	Hækkun í %
2018–2019	6,620,103	2,206,701	
2019-2020	12,183,000	3,045,750	38%
2020-2021*	12,861,999	3,215,500	6%
2021-2022	16,493,391	4,123,348	28%
2022-2023	20,882,091	5,220,523	27%

*Covid margar vikur sem dattu út í akstri

Með von um jákvæðar undirtektir

Ásgeir Baldurs formaður Breiðabliks

Eysteinn P. Lárusson frkv.stjóri Breiðabliks

Ragnheiður M. Ólafsdóttir form. Gerplu

Olga Bjarnadóttir frkv.stjóri Gerplu

Pétur Örn Magnússon formaður HK

Hólmsteinn I. Halldórss. settur frkv.stjóri HK